

Sp.

736. Þingsályktun

[55. mál]

um aðstoð vegna atvinnumála í Flateyjarhreppi.

(Afgreidd frá Sp. 4. maí.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að afhenda Flateyjarhreppi á Breiðafirði hraðfrystihúsið í Flatey með þeim kjörum, sem að dómi ríkisstjórnarinnar gera hreppnum kleift að reka húsið. Heimild þessi er bundin því skilyrði, að hreppsnefnd Flateyjarhrepps færi rök að því, að hún hafi tryggt sér fyrir næstu vetrarvertíð með útgerð á staðnum eða á annan hátt það fiskmagn til vinnslu í húsinu, er tryggt geti rekstur þess.

Takist hins vegar ekki með framangreindum ráðstöfunum að hefja á ný rekstur frystihússins, er ríkisstjórninni heimilt að bjóða það til sölu eða leigu þeim, er hefja vildu útgerð í Flatey. Þá er ríkisstjórninni og heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita væntanlegum kaupanda eða leigjanda fjárhagsaðstoð með láni eða ábyrgð til þess að gera óhjákvæmilegar endurbætur á húsi og vélum.

Ríkisstjórnin aflar sér nauðsynlegra heimilda til ráðstafana samkvæmt ályktun þessari.